

## Afgreiðslufundur

Ár 2024 fimmtudaginn 14. nóvember, kl. 09:00 var haldinn 1804. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Óskar Ísfeld Sigurðsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Sigríður J. Jónsdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

- Lögð fram umsókn Félagsstofnunar stúdenta, kt. 540169-6249, dags. 28. október 2024, um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingahús (Stúdentakjallarinn) að Sæmundargötu 4, F2309880, rými 13 0101. Endurnýjun starfsleyfis.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði.*
- Lögð fram umsókn Sjúkratrygginga Íslands, kt. 480408-0550, dags. 28. október 2024, um starfsleyfi fyrir veitingastað; mötuneyti (Mötuneyti Sjúkratrygginga Íslands) að Vínlandsleið 16, F2307062, rými 01 0301. Ný starfsemi.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði.*
- Lögð fram umsókn BERJAYA HOTELS ICELAND hf., kt. 621297-6949, dags. 4. nóvember 2024, um starfsleyfi fyrir gististað; hótél (Berjaya Reykjavík Natura Hotel) að Nauthólsvegi 52, F2028966 rými 01 0101. Endurnýjun starfsleyfis.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði.*
- Lögð fram umsókn Super Burrito ehf., kt. 510924-0290, dags. 3. október 2024, um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingastofu, (Mathöll Pósthús Food Hall - Súper Burrito), þar sem matvæli koma tilbúin til eldunar og samsetningar á sölubás (bás V8), að Pósthússtræti 5, F2002628, F2002627. Undirbúningseldhús er í kjallara. Ný starfsemi.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði og Sértekum starfsleyfisskilyrðum fyrir Mathöll Pósthús Food Hall, Pósthússtræti 3-5.*
- Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 4. október 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 4. október 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Super Burrito ehf., kt. 510924-0290, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingastofa (Mathöll Pósthús Food Hall - Súper Burrito) að Pósthússtræti 5, F2002628, rými 0101, bás V8.  
Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð.
- Lögð fram umsókn Ortis tannréttinga slf., kt. 641111-0740, dags. 4. nóvember 2024, um skráningu á tannlæknastofu (Ortis tannréttingar) að Faxafeni 11, F2023440, rými 01 0203. Breyting úr starfsleyfi í skráningu.  
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.* Um starfsemina gilda *Almenn starfskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfskilyrði fyrir tannlæknastofur.*

7. Lögð fram umsókn Reykjavíkurborgar, skóla- og frístundasviðs, kt. 530269-7609, dags. 7. nóvember 2024, um tímabundið starfsleyfi fyrir leikskóla (Leikskólinn Laugasól) að Safamýri 5, F2014051, rými 02 0101. Flutningur í nýtt húsnæði.  
Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi til 10. júlí 2025 með *Starfsleyfisskilyrðum fyrir leikskóla*.
8. Lögð fram að nýju umsókn Þvottafoss ehf., kt. 670722-1040, dagsett 11. júlí 2024, að loknu auglýsingarferli, um starfsleyfi fyrir þvottahús (Þvottafoss) að Bolholti 4, F2012384, rými 02 0101. Ný starfsemi.  
Samþykkt að hafna umsókn með vísan í 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlits. Fyrir liggur neikvæð umsögn byggingarfulltrúa dags. 18. júlí sl.

### **Fundi slitið 09:33**

Tómas Guðberg Gíslason

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Guðjón Ingi Eggertsson